

Nd.

107. Nefndarálit

[11. mál]

um frv. til l. um launamál.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Fjárhags- og viðskiptanefnd skiptist í afstöðu sinni til bráðabirgðalaganna um launamál. Minni hluti nefndarinnar, fulltrúar Alþýðubandalags, Alþýðuflokks og Bandalags jafnaðarmanna, er andvígur frumvarpinu og þeim ákvæðum um mannréttindaskerðingu og kauplækkunir sem í því felast. Kjartan Jóhannsson flytur breytingartillögur á sérstöku þingskjali og gerir grein fyrir afstöðu sinni í eigin nefndarálit. Svavar Gestsson og Kristín S. Kvaran standa að þessu minnihlutaálit. Samtök um kvennalista eiga ekki fulla aðild að fjárhags- og viðskiptanefnd, en Guðrún Agnarsdóttir sat einn fund sem áheyrnaraðili. Hún og aðrir þingmenn Samtaka um kvennalista eru andvíg frumvarpinu um staðfestingu bráðabirgðalaganna um launamál.

Alþingi, 14. nóv. 1983.

Svavar Gestsson,
frsm.

Kristín S. Kvaran.